

Norðurþing  
Gaukur Hjartarson,  
skipulags- og byggingarfulltrúi  
Ketilsbraut 9  
640 Húsavík





UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 14. október 2013  
Tilvísun: UST20130900191/bs

### **Skipulags- og matslýsing vegna breytingar aðalskipulags Norðurþings 2010 - 2030 vegna færslu háspennumannvirkja að og frá iðnaðarsvæði á Bakka. Umsögn**

Vísað er til bréfs Norðurþings dags. 18. september sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda breytingu á aðalskipulagi Norðurþings 2010-2030. Breytingin felst í nýrri staðsetningu tengivirkis við iðnaðarlóð á Bakka vegna breyttrar starfsemi á lóðinni. Í breytingunni felst að tengivirki færist austur fyrir Norðausturveg og sunnar en áður var ráðgert. Hólasandslína 1 og Þeistareykjalína 1 færast til suðurs á um 5 km löngum kafla. Frá tengivirki verða lagðir jarðstrengir undir Norðausturveg að iðnaðarlóð. Einnig er lokið við að leggja Tjörneslínu í jörð. Fyrirhuguð breyting mun hafa jákvæð áhrif á votlendi þar sem tengivirki færist frá Selmýrum. Breytingin mun einnig hafa í för með sér minni sjónræn áhrif þar sem línurnar þvera ekki Norðausturveg eins og ráð var fyrir gert. Umhverfisstofnun telur þær breytingar sem hér um ræðir jákvæðar m.t.t. sjónrænna áhrifa og áhrifa á votlendi.

Virðingarfyllst  
  
Björn Stefánsson  
sérfræðingur

  
Kristín S Jónsdóttir  
Sérfræðingur